

Kæru nemendur og aðstandendur (see English below).

Eftir samstöðufundinn í október settu nemendur fram fjölbreyttar kröfur og í kjölfarið ákvað ráðuneyti mennta- og barnamála að vinna drög að viðbragðsáætlun fyrir framhaldsskóla um hvernig skuli brugðist við EKKO-málum. Von er á þessum leiðbeiningum eftir páska og verður MH fyrsti skólinn sem tekur á móti þeim. Vinna hefur staðið yfir í vetur við að endurskoða alla verkferla og hvernig brugðist er við málum sem koma upp í skólastarfinu. Hagsmunir nemenda eru hafðir í fyrirrúmi og brugðist við eins fljótt og auðið er í samráði við nemendur. Við viljum í þessu samhengi minna á hnappinn okkar á heimasíðunni þar sem hægt er að tilkynna einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni eða kynbundið áreiti (EKKO). Einnig má minna á fræðslufnið Sjúkást, vefsíðurnar 112.is og heilsuvera.is

Kynjafræðingurinn og kennarinn Karen Ástudóttir Kristjánsdóttir mun sjá um og leiða alla fræðslu er varðar jafnrétti/kynjafræði í öllum lífsleiknihópum skólans og skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Í vetur hafa verið tvö fræðsluerindi fyrir starfsfólk og miklar umræður átt sér stað innan skólans. Á næstunni munu stjórnendur og viðbragðsteymi EKKO-mála hitta rýnihóp nemenda til að fara betur yfir aðgerðir og verkferla.

Það er samvinnuverkefni okkar allra að tryggja að öllum líði vel í skólanum og höfum það að leiðarljósi í verkum okkar. Unnið er að markvissri heilsuefningu í skólanum og þar er öryggi ekki undanskilið. Nemendur sem eiga áfallasögu að baki geta leitað til náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings til þess að fá stuðning í sinni skólagöngu.

Ég óska ykkur gleðilegra páska og vona að þið komið endurnærð í skólann eftir fríið.

kær kveðja,

Steinn

---

Dear students and guardians.

After the solidarity meeting in October students placed various demands and as a result the Ministry of Education and Children decided to start a draft for a contingency plan for secondary schools on how to respond to EKKO-cases. We expect these instructions to be ready after Easter and MH will be the first school to receive them. There has been work in progress this winter where all work procedures have been revised as well as responses to matters which may occur in the school. The interests of students have priority and responses should be as quick as possible in consultation with students. In this context we

want to remind you of our button on the school's homepage where it is possible to inform about bullying, gender-based harassment, sexual harassment, or violence (EKKO). It should also be mentioned that on the web pages 112.is and heilsuvera.is and information about Sicklove (Sjúkást).

Karen Ástudóttir Kristjánsdóttir teacher and specialist in gender studies will be overseeing and organising all education regarding equality/gender studies in all life skills classes in the school and she will be organizing education for the staff at least twice a year. This winter there have been two informative lectures for the staff and much discussion has taken place in the school. Soon administrators and the EKKO Response Team will be meeting with a student focus group to further revise actions and work procedures.

It is a collaborative project to ensure that everyone feels good in the school, and that is our guide in all our work. The school focuses on Health promotion and that also includes security. Students who have a history of traumatic experience can approach the school's student councillors and psychologist to get support in their schooling.

I wish you all a Happy Easter and hope that you will return to school invigorated after the holiday.

Best Regards,

Steinn